



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS LEIGUHÚSNÆÐI

SKILAGREIN

MARS 2011



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1 UPPHAF VERKEFNIS	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN	3
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	3
4 LEIGUSAMNINGUR	3
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI	4
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	4
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	4
8 VERKLOK	4
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR	4

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leiguhúsnæði.

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið Kvikmyndamiðstöð Íslands var unnið að beiðni menntamálaráðuneytisins og barst FSR í ágúst 2009. Verkefnið fólst í að finna húsnæði fyrir stofnunina á höfuðborgarsvæðinu.

Kvikmyndamiðstöðin ber, lögum samkvæmt, að stuðla að framleiðslu, dreifingu og kynningu á íslenskum kvikmyndum og auk þess að sjá um söfnun og útgáfu efnis sem viðkemur íslenska kvikmyndaiðnaðinum.

Kvikmyndamiðstöð vinnur einnig að eflingu kvikmyndamenningar á Íslandi og því að treysta tengsl á milli íslenskra og erlendra kvikmyndagerðaraðila.

Verkefnið, fyrir Kvikmyndamiðstöðina, fólst í að gera húslýsingu, auglýsa eftir húsnæði, gerð leigusamningsins og hafa eftirlit með framkvæmdum við húsnæðið í samræmi við kröfur í húslýsingu.

Verkefnisstjóri hjá FSR á verkefninu var Róbert Jónsson.



Kvikmyndamiðstöð Íslands, Hverfisgötu 54.

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Ekki var gerð sérstök húsrýmisáætlun þar sem þegar var búið að ákveða stærð og gerð húsnæðis sem gert var ráð fyrir að yrði um 260 fermetrar.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Húslýsing fyrir húsnæðið var tilbúin í september 2009 og í framhaldinu auglýstu Ríkiskaup eftir húsnæði fyrir stofnunina. Leigutilboð voru opnuð í október 2009 og bárust tíu tilboð. FSR yfirfór tilboðin og voru tvö hús skoðuð af fulltrúum FSR, menntamálaráðuneytis og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

Í febrúar 2010 var tekið leigutilboði frá Vatn og Land I ehf. um leigu á húsnæðinu við Hverfisgötu 54 í Reykjavík.

4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins í samvinnu við starfsfólk Kvikmyndamiðstöðvar og menntamálaráðuneytis.



Móttaka

Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins.


Samningurinn er á milli Vatn og Land I ehf. og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og var undirritaður í júlí 2010 og staðfestur af mennta og menningarmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Hann gildir til 5 ára með möguleika á framleiðu um a.m.k. 1 ár.

Hinn leigði eignarhluti er alls 312 fermetrar að stærð. Í samningi var gert ráð fyrir að afhending húsnæðis yrði 7. júlí 2010.

5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI

Til að annast samskipti milli leigusala og leigjanda, á framkvæmdatíma, voru tilnefndir Jón Ágúst Pétursson f.h. Vatn og Land I ehf. og fyrir hönd leigjanda var tilnefndur Róbert Jónsson, verkefnastjóri hjá FSR.

Haldnir voru 7 verkfundir þar af 2 loka-úttektarfundir á framkvæmdatímabilinu.



Funda- og skoðunarherbergi.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT


Plús Arkitektar, Laugavegi 59, 101 Reykjavík, sáu um hönnun vegna breytinga á húsnæðinu, í forsvari fyrir stofuna var Páll Hjaltason arkitekt.

Eftirlit með framkvæmdum, fyrir hönd leigusala annaðist Jón Ágúst Pétursson og fyrir hönd leigjanda annaðist eftirlit Róbert Jónsson, FSR.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Húsnæðið var nánast fokhelt þegar verkfrámkvæmdir við húsnæðið hófust í maí 2010.

Helstu verkþættir voru hefðbundnir miðað við fokhelt húsnæði og gengu framkvæmdir ágætlega.



Vinnusalur.

8 VERKLOK

Kvikmyndamiðstöð Íslands tók við húsnæðinu um miðjan júlí 2010.

9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Dagbjartur H. Guðmundsson, staðgengill forstjóra